Smárit Byggðasafns Skagfirðinga
IV

# Mannamyndir í Suðurstofu

Sigríður Sigurðardóttir

2000

# Formáli

Mannamyndasafnið í Suðurstofunni í Glaumbæ er af skagfirskum embættismönnum á tímabilinu 1873 til 1963. Nokkrar elstu myndirnar eru teikningar. Aðrar eru ljósmyndir.

Grunninn að myndasafninu lagði Jón Sigurðsson (1888 -1972) formaður byggðasafnsnefndar frá 1948 til 1972, bóndi og alþingismaður á Reynistað (Nr. 179). Hugmynd hans var að gefa gestum tækifæri til að kynnast því fólki sem hafði hvað mest áhrif á mannlíf og menningu í héraðinu á því tímabili. Eftir að hann afhenti safninu myndirnar var söfnun haldið áfram uns veggpláss þraut.

Myndirnar í sýningunni eru allar eftirmyndir. Frummyndirnar eru geymdar á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

# Efnisyfirlit

Nöfn í númeraröð.................................................................................. 4
Nöfn í stafrófsröð ................................................................................. 29

# Nöfn í númeraröð

**1 Elín Hafstein Thorarensen** (d.1873) sýslumannsfrú í Enni. Kona Lárusar Thorarensen. Teikning eftir Sigurð Guðmundsson málara, 1856.

**2 Lárus Thorarensen** (d.1864) sýslumaður Skagfirðinga. Teikning eftir Sigurð Guðmundsson málara, 1856.

**3 Jón Samsonarson** (1794-1859) bóndi og smiður Keldudal. Hreppsstjóri Staðarhrepps 1830-1837, Rípurhrepps 1853-1859, þingmaður Skagfirðinga 1844-1858. Þjóðhagssmiður og mikill völundur. Hann sneið og smíðaði Víðimýrarkirkju. Myndin er kópía af teikningu Sigurðar Guðmundssonar málara.

**4 Jón Jónsson** (1841-1883) landritari Reykjavík. Þingmaður Skagfirðinga 1879-1883.

**5 Helga Þorvaldsdóttir** (1816-1894) húsfreyja á Flugumýri, veitti hinum skagfirska kvennaskóla forstöðu á heimili sínu veturinn 1881-1882.

**6 Páll Ólafsson** (1860-1898) bóndi Litladalskoti. Oddviti hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps 1895-1898. Kennari við búnaðarskólann á Hólum 1889-1893. Sundakennari og afburða sundmaður.

**7 Lárus Thorarensen** (1799-1864) sýslumaður Enni, Höfðaströnd. Sýslumaður Skagfirðinga 1826-1853.

**8 Jón Loftsson** (1838-1883) bóndi og smiður Haganesi í Fljótum. Hreppsstjóri Holtshrepps 1872-1875, hélt sjómannaskóla í Haganesi á árunum 1870-1872.

***9 Jóhannes Þorfinnsson*** (1832-1894) bóndi á Reykjum, Hjaltadal. Hreppsstjóri Hólahrepps 1866-1869.

***10 Hjörtur Hjálmarsson*** (1836-1898) bóndi Skíðastöðum, Laxárdal. Hreppsstjóri Skefilsstaðahrepps 1886-1898, sýslunefndarmaður 1889-1892.

***11 Benedikt Vigfússon*** (1797-1868) prófastur á Hólum Hjaltadal. Prestur frá 1828-1862, prófastur frá 1836-1841. Teikning eftir Sigurð Guðmundsson málara. Benedikt lét reisa Nýja-Bæ á Hólum, sem enn stendur.

***12 Elínborg Pétursdóttir*** (1805-1886) frá Víðivöllum í Blönduhlíð, maddama á Mælifelli og Sjávarborg. Þjóðkunn hannyrðakona og kvenskörungur. Kenndi ungum stúlkum á heimili sínu um langt árabil.

***13 Eggert Gunnlaugsson Briem*** (1811-1894) sýslumaður Reynistað frá 1861-1884.

***14 Jónas Jónsson*** (1861-1898) verslunarstjóri á Hofsósi. Sýslunefndarmaður fyrir Hofshrepp frá 1895-1898.

***15 Gísli Konráðsson*** (1787-1877) bóndi Ytra-Skörðugili. Hreppsstjóri Seyluhrepps frá 1840-1850. Gísli var mikill fræðaþulur og hefur fengið nafnbótina fyrsti sagnfræðingurinn.

***16 Jón Rögnvaldsson*** (1807-1886) bóndi á Hóli, Skaga. Hreppsstjóri Skefilsstaðahrepps frá 1862-1865. Fluttist til Vesturheims 1874.

***17 Jón Hallsson*** (1807-1894) prófastur Glaumbæ. Prestur í Felli, Goðdölum, Miklabæ og Glaumbæ frá 1841-1890. Prófastur 1851-1890. Sýslunefndarmaður Seyluhrepps 1874-1880. Í kjörstjórn Skagafjarðarsýslu

um langt skeið. Jón byggði langmestan hluta bæjarins í Glaumbæ upp á árunum 1876-1880.

**18 Jóhann P. Hallson** (1823-1899) bóndi Þorleifsstöðum. Hreppsstjóri Akrahrepps 1867-1870. Fluttist til Vesturheims 1876 og var fyrsti landneminn af Íslandi í Dakota. Byggðin Hallson ber nafn hans.

**19 Ólafur Þorvaldsson** (1806-1878) prestur Hjaltastöðum og Viðvík frá 1847-1878. Ólafur var vel hagur gullsmiður og eru nokkrir munir í eigu safnsins eftir hann.

**20 Friðrik Níelsson** (1824-1887) bóndi Miklabæ, Óslandshlíð. Sýslunefndarmaður Hólahrepps 1874-1877, Hofshrepps 1877-1883, hreppsstjóri Hólahrepps 1854-1862.

**21 Sveinn Sveinsson** (1845-1894) bóndi Haganesi. Sýslunefndarmaður Holtshrepps 1883-1889, oddviti hreppsnefndar 1877-1879, hreppsstjóri frá 1972-1975.

**22 Sigurður Gunnlaugsson** (1832-1900) bóndi Skriðulandi, Kolbeinsdal. Hreppsstjóri Hólahrepps frá 1869-1874, oddviti 1881-1885.

**23 Jón A. Blöndal** (1825-1878) kaupstjóri Grafar-ósi frá 1872-1878. Þingmaður Skagfirðinga 1874-1878, sýslunefndarmaður fyrir Hofshrepp 1874-1875.

**24 Gísli Brynjólfsson** (1827-1888) háskólakennari Kaupmannahöfn. Þingmaður Skagfirðinga 1858-1863.

**25 Tómas Þorsteinsson** (1814-1895) prestur Hofsþinga 1848-1880 og bjó á Brúarlandi. Prestur til Reynistaðarprestakalls 1880-1887.

**26 Gunnar Ólafsson** (1859-1900) Ási Hegranesi. Oddviti Rípurhrepps 1883-1888, hreppsstjóri og sýslunefndarmaður fyrir Viðvíkurhrepp 1896-1897.

**27 Magnús Thorlacius** (1820-1878) prestur á Hafsteinsstöðum. Þjónaði Fagraness og Reynistaðarprestakalli frá 1861-1878.

**28 Bogi Pétursson** (1849-1889) á Sjávarborg héraðslæknir fyrir Skagfirðinga 1876-1878.

**29 Jónas Jónsson** (1830-1895) bóndi og læknir Tunguhálsi. Fluttist til Skagafjarðar að beiðni Skagfirðinga og stundaði lækningar í mörg ár.

**30 Þorgrímur Kristjónsson** (1847-1901) bóndi Tumabrekku. Oddviti Hofshrepps frá 1887-1895.

**31 Halldór Jónsson** (1810-1881) prófastur Glaumbæ frá 1841-1849. Konungskjörinn þingmaður 1845-1849. Halldór byggði norðurstofuna í Glaumbæ þegar hann flutti þangað 1841. Hann varð síðar prófastur á Hofi í Vopnafirði.

**32 Jakob Guðmundsson** (1817-1890) prestur á Ríp frá 1857-1869. Síðar þingmaður Dalamanna.

**33 Ísleifur Einarsson** (1833-1895) prestur í Hvammi í Laxárdal frá 1875-1884. Oddviti hrepps-nefndar Skefilsstaðahrepps frá 1880-1884.

**34 Halldór Stefánsson** (1834-1901) bóndi Víðimýri og víðar. Oddviti Seyluhrepps frá 1880-1884. Hreppsstjóri Skefilstaðahrepps 1898-1901.

**35 Ari Arason** (1813-1881) stúdent og bóndi á Flugumýri. Hann sat í kjörstjórn Skagafjarðarsýslu og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir héraðið. Í Kansellíráði 1878.

**36 Jón Sveinsson** (1815-1890) prestur á Mælifelli frá 1867-1888.

***37*** **Árni Jónsson** (1851-1897) læknir í Glæsibæ. Héraðslæknir Skagfirðinga frá 1879-1892, oddviti Staðarhrepps 1887-1892.

***38*** **Gísli Þorláksson** (1845-1903) bóndi Frostastöðum. Hreppsstjóri Akrahrepps 1881-1903, oddviti 1875-1878.

***39*** **Kristín Eggertsdóttir Claessen** (1849-1881) húsfrú Grafarósi. Forgöngukona um stofnun kvennaskóla í Skagafirði.

***40*** **Jón Bjarnason** (1807-1892) bóndi Eyhildarholti. Hreppsstjóri Rípurhrepps 1836-1849. Síðar bóndi í Ólafsdal og þingmaður Dalamanna.

***41*** **Jóhannes Ólafsson** (1855-1897) Gili, sýslumaður Skagfirðinga frá 1884-1897.

***42*** **Hallur Ásgrímsson** (f.1829) Sauðárkróki. Kallaður Hallur Grænlandsfari. Stofnsetti fyrstu verslun á Sauðárkróki um 1873. Var áður verslunarstjóri á Grænlandi. Flutti til Vesturheims 1883.

***43*** **Kristján Kristjánsson** (1805-1882) sýslumaður Hofstaðaseli. Sýslumaður Skagfirðinga frá 1854-1860. Síðar amtmaður.

***44*** **Lúðvík Friðrik Popp** (1831-1893) kaupmaður Sauðárkróki. Stofnaði og rak fyrstu stórverslunina á Sauðárkróki frá 1874-1893.

***45*** **Gunnlaugur Briem** (1847-1897) bústjóri Reynistað. Þingmaður Skagfirðinga 1883-1886. Gegndi ýmsum sýslumannsstörfum um langt skeið fyrir föður sinn Eggert.

**46 Björn Þorkelsson** (1830-1904) bóndi Sveinsstöðum. Hreppsstjóri Lýtingsstaðahrepps frá 1869-1872. Stofnaði styrktarsjóð fyrir hreppinn.

**47 Konráð Jónsson** (1835-1904) bóndi Bæ. Hreppsstjóri Hofshrepps 1874-1904, sýslunefndarmaður 1883-1889.

**48 Jónas Halldórsson** (1838-1904) bóndi Keldudal, Hegranesi. Oddviti hreppsnefndar Rípurhrepps 1896-1901. Fluttist til Vesturheims 1902.

**49 Sigurlaug Gunnarsdóttir** (1828-1905) hús-freyja Ási Hegranesi. Stofnandi fyrsta kvenfélags á landinu 1869. Hélt fyrsta kvennaskólann í héraðinu á heimili sínu veturinn 1877-1878 og kenndi á fjölda námskeiða sem hún hélt fyrir stúlkur og pilta á heimili sínu. Stóð fyrir byggingu Áshússins 1883-1886.

**50 Davíð Guðmundsson** (1834-1905) prestur á Felli í Sléttuhlíð 1860-1873. Þingmaður Skagfirðinga 1868-1874, síðar prófastur á Hofi í Hörgárdal.

**51 Sigmundur Pálsson** (1823-1905) bóndi á Ljótsstöðum. Hreppsstjóri Hofshrepps 1859-1862, sýslunefndarmaður 1875-1877, oddviti 1874-1880. Uppfinningamaður og þúsundþjalasmiður.

**52 Jón Jónatansson** (1840-1906) bóndi Ártúni við Hofsós. Hreppsnefndaroddviti Hofshrepps 1895-1898.

**53 Jón Jónatansson** (1830-1906) bóndi Silfrastöðum. Hreppsstjóri Akrahrepps 1867-1870.

**54 Björn Blöndal** (1870-1906) prestur Hvammi, Laxárdal frá 1900-1906. Hreppsnefndaroddviti Skefilstaðahrepps 1902-1906.

***55 Zóphanías Halldórsson*** (1845-1908) prófastur í Viðvík. Fyrst prestur í Goðdölum og svo Viðvík 1876-1908, prófastur Skagafjarðarsýslu 1889-1904, oddviti hreppsnefndar Hólahrepps 1894-1904. Amtráðsmaður.

***56 Rögnvaldur Þorleifsson*** (1852-1908) bóndi Óslandi og víðar. Sýslunefndarmaður Hofshrepps 1889-1895, oddviti Holtshrepps frá 1884-1886.

***57 Ólafur Sigurðsson*** (1822-1908) bóndi Ási Hegranesi. Þingmaður Skagfirðinga 1864-1868 og hreppsstjóri Rípurhrepps 1859-1878, sýslunefndarmaður 1874-1877, oddviti 1874-1883, 1888-1896. Umboðsmaður Reynistaðarklaustursjarða 1869-1888. Góður smiður. Byggði Áshúsið 1883-1886.

***58 Sigurður Gunnarsson*** (1833-1909) bóndi á Fossi, Skaga. Hreppsstjóri Skefilsstaðahrepps 1872-1875.

***59 Einar B. Guðmundsson*** (1841-1910) bóndi og smiður Hraunum, Fljótum. Þingmaður Skagfirðinga 1874-1878, sýslunefndarmaður Holtshrepps 1874-1877, 1889-1898, hreppsstjóri 1866-1872, oddviti 1882-1884, 1886-1892. Víðkunnur brúar og skipasmiður. Smíðaði Hraunahúsið 1878 og tók þátt í að smíða Áshúsið með sömu fyrirmynd 1883-6.

***60 Stefán Jónsson*** (1856-1910) verslunarstjóri á Sauðárkróki. Forgöngumaður að stofnun Gránufélagsins á Sauðárkróki og verslunarstjóri félagsins þar frá 1884-1910. Gjaldkeri og síðar formaður Sparisjóðs Sauðárkróks 18861910.

***61 Hjörleifur Einarsson*** ((1831-1910) prestur í Goðdölum 1869-1876. Síðar prófastur á Undirfelli.

***62 Benedikt Sölvason*** (d.1913) bóndi Ingveldarstöðum. Oddviti hreppsnefndar Sauðárhrepps hins forna og Skarðshrepps 1886-1889, 1895-1913.

***63 Indriði Árnason*** (1831-1910) bóndi á Írafelli. Hreppsstjóri í Lýtingsstaðahreppi 1870-1874, oddviti 1876-1877, 1883-1884, 1887-1889.

***64 Sigurður Pálsson*** (1869-1910) Sauðárkróki, héraðslæknir frá 1898-1910. Hann beitti sér fyrir byggingu sjúkrahúss á Sauðárkróki.

***65 Jakob Benediktsson*** (1821-1910) prestur Miklabæ 1875-1885 og Glaumbæ 1890-1894.

***66 Vigfús Guðmundsson*** (1842-1914) söðlasmiður á Sauðárkróki. Hreppsstjóri Sauðárhrepps 1887-1892. Fluttist til Vesturheims 1892.

***67 Jón Magnússon*** (Jón Ósmann) (1862 drukknaði 1914) frá Utanverðunesi. Hann var lengi ferjumaður við Vesturós Héraðsvatna og þótti hreystimaður mikill. Sjá selabyssu hans í skáp í Gusu.

***68 Björn Jónsson*** (1858-1924) prófastur Miklabæ. Prestur á Miklabæ frá 1889-1921 og prófastur frá 1913-1919.

***69 Jóhann Sigurðsson*** (1869-1934) bóndi Sævarlandi. Hreppsstjóri Skefilsstaðahrepps 1901-1934, oddviti 1906-1919 og sýslunefndarmaður 1901-1922.

***70 Sigurður Ólafsson*** (1856-1942) bóndi og járnsmiður á Hellulandi. Hreppsstjóri Rípurhrepps 1883-1942. Smiður og mikill hugvitsmaður. Hann smíðaði fyrsta fótstigna hverfisteininn hérlendis, hraðskyttuvefstólinn, þófaravélina, rakstrarkonur á ljái og handtöng til að klippa kambtengur. Hann varð fyrstur til að

nota trékjálka á ísasleða og áveituvél. Hann endurbætti dragferjurnar og setti upp vita á Hegranestá.

*71* **Bessi Steinsson** (1836-1915) bóndi í Kýrholti. Hreppsstjóri Viðvíkurhrepps 1879-1892, sýslunefndarmaður 1886-1892.

*72* **Þorsteinn Þorsteinsson** (1861-1924) bóndi í Haganesvík. Hreppsstjóri Haganeshrepps 1916-1924, sýslunefndarmaður 1898-1907, 1916-1922, oddviti Holtshrepps frá 1892-1895.

*73* **Sæmundur Bjarnhéðinsson** (1863-1936) héraðslæknir Sauðárkróki 1897-1898. Varð læknir holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

*74* **Magnús Jónsson** (1851-1912) bóndi Fjalli, Sæmundarhlíð. Sýslunefndarmaður Seyluhrepps 1880-1887. Fluttist til Vesturheims.

*75* **Hermann Þorsteinsson** (1843-1915) bóndi Reykjarhóli. Hreppsnefndaroddviti 1898-1904.

*76* **Guðmundur Magnússon** (1863-1924) héraðslæknir Skagfirðinga 1892-1894. Prófessor við Háskóla Íslands.

*77* **Sveinn Árnason** (1864-1936) bóndi Felli. Hreppsstjóri Fellshrepps 1899-1935.

*78* **Guðmundur Davíðsson** (1866-1942) bóndi Hraunum. Hreppsstjóri Holtshrepps 1898-1938, sýslunefndarmaður 1898-1904, 1906-1919, sýslufundaskrifari frá 1929-1938.

*79* **Sigtryggur Jónatansson** (1850-1916) bóndi Framnesi. Hreppsnefndaroddviti Akrahrepps 1889-1901.

*80* **Ólafur Briem** (1851-1925) bóndi Álfgeirsvöllum. Þingmaður Skagfirðinga 1886-1919, sýslunefndar-

maður Lýtingsstaðahrepps 1889-1920 og oddviti 1907-1920. Hann var nokkrum sinnum settur sýslumaður.

***81 Eggert E. Briem*** (1867-1936) sýslumaður Skagfirðinga 1897-1904. Síðar hæstaréttardómari.

***82 Jón Arngrímsson*** (1901-1942) bóndi Brúnastöðum, Fljótum. Sýslunefndarmaður Holtshrepps 1938-1942.

***83 Jóhann Pétursson*** (1833-1926) bóndi Brúnastöðum, Tungusveit. Hreppsstjóri Lýtingsstaðahrepps 1871-1921, sýslunefndarmaður 1883-1890.

***84 Jón Jakobsson*** (1860-1925) bóndi Víðimýri. Þingmaður Skagfirðinga 1892-1900. Sýslunefndarmaður Seyluhrepps 1892-1896. Síðar landsbókavörður í Reykjavík.

***85 Pálmi Pétursson*** (1859-1936) kaupfélagsstjóri og kaupmaður á Sauðárkróki. Sýslunefndarmaður Sauðárkróks 1914-1934, oddviti hreppsnefndar 1889-1892.

***86 Margeir Jónsson*** (1889-1943) bóndi og fræðimaður á Ögmundarstöðum. Varamaður í sýslunefnd lengi og átti sæti á nokkrum sýslufundum.

***87 Friðrik Stefánsson*** (1840-1917) bóndi Skálá og víðar. Þingmaður Skagfirðinga 1879-1892, hreppsstjóri Seyluhrepps 1870-1881, sýslunefndarmaður Fellshrepps 1892-1900.

***88 Tómas Jónasson*** (1887-1937) kaupfélagsstjóri Hofsósi. Sýslunefndarmaður Fellshrepps 1913-1924, hreppsnefndaroddviti 1919-1923.

***89 Björn L. Jónsson*** (1879-1943) bóndi Stóru-Seylu. Oddviti hreppsnefndar Seyluhrepps 1919-1935, hreppsstjóri 1922-1943.

***90 Páll Árnason*** (1868-1916) bóndi Ysta-Mói. Hreppsstjóri Haganeshrepps 1898-1916, oddviti 1896-1901,1907-1913.

***91 Rögnvaldur Björnsson*** (1850-1918) bóndi Réttarholti. Oddviti hreppsnefndar Akrahrepps 1883-1886, sýslunefndarmaður 1886-1917.

***92 Þorvaldur Arason*** (1849-1929) bóndi Víðimýri. Oddviti hreppsnefndar 1886-1889, póstafgreiðslumaður á Víðimýri 1896-1926. Sat lengi í yfirkjörstjórn Skagafjarðar.

***93 Hálfdán Guðjónsson*** (1863-1937) vígslubiskup Sauðárkróki frá 1928-1937. Prestur í Goðdölum 1886-1894, Reynistað 1914-1934, prófastur í Skagafirði 1919-1934. Varasýslumaður Sauðárkróks.

***94 Hallgrímur Thorlacius*** (1864-1944) prestur í Ríp 1888-1894, Glaumbæ 1894-1935. Sýslunefndarmaður Seyluhrepps frá 1896-1936.

***95 Jón Ásgrímsson*** (1849-1918) bóndi, Húsey og víðar. Hreppsnefndaroddviti Hólahrepps 1878-1881 og Seyluhrepps frá 1899-1901.

***96 Jón Björnsson*** (1842-1926) bóndi á Ögmundarstöðum. Hreppsstjóri Staðarhrepps frá 1878-1883 og oddviti frá 1883-1887.

***97 Sigfús Jónsson*** (1866-1937) prestur og kaupfélagsstjóri Sauðárkróki. Þingmaður Skagfirðinga 1934-1937, prestur í Hvammi og að Mælifelli 1889-1919, sýslunefndarm. Skefilsstaðahrepps 1892-1900. Kaupfélagsstjóri frá 1917-1937.

***98 Guðmundur Hannesson*** (1866-1946) héraðslæknir Skagfirðinga 1894-1896. Síðar prófessor við Háskóla Íslands.

***99 Valgard Jacobsen Claessen*** (1850-1918) kaupmaður Sauðárkróki. Ríkisféhirðir.

***100 Jónas Jónsson*** (1840-1927) bóndi og hómópati, Hróarsdal. Sýslunefndarmaður Rípurhrepps 1883-1901, 1904-1908.

***101 Gísli Björnsson*** (1871-1937) bóndi Vöglum. Oddviti hreppsnefndar Akrahrepps 1901-1937, sýslunefndarmaður frá 1917-1937.

***102 Jósef. J. Björnsson*** (1858-1946) skólastjóri og kennari á Hólum. Þingmaður Skagfirðinga 1908-1916, skólastjóri búnaðarskólans á Hólum 1882-1888, 1896-1902 og kennari frá 1902-1934. Var auk þess hreppsstjóri, oddviti og sýslunefndarmaður fyrir Hólahrepp um skeið.

***103 Árni Ásgrímsson*** (1838-1919) bóndi Kálfsstöðum, hreppsstjóri Hólahrepps 1874-1895 sýslunefndarmaður 1877-1895.

***104 Gísli Sigmundsson*** (1852-1927) bóndi Ljótsstöðum var hreppsnefndaroddviti Hofshrepps 1898-1901. Smiður og uppfinningamaður. Smíðaði fyrstur taðkvörn (taðvél) hér um slóðir og hleypiklakka með niðurhleypu, á klyfbera.

***105 Magnús Guðmundsson*** (1879-1937) sýslumaður Skagfirðinga 1912-1918. Þingmaður þeirra frá 1816-1937 og ráðherra þrisvar sinnum.

***106 Eiríkur Jónsson*** (1862-1948) bóndi og smiður í Djúpadal. Hann var um langt skeið einn af höfuðsmiðum héraðsins.

***107 Árni Þorsteinsson*** (1851-1919) prestur Ríp frá 1881-1886, síðar prestur á Kálfatjörn.

***108 Egill Steingrímsson*** (1847-1927) bóndi Merkigili. Sýslunefndarmaður Akrahrepps 1880-1886.

***109 Hartmann Ásgrímsson*** (1874-1948) bóndi Kolkuósi (Kolbeinsárósi). Hreppsnefndaroddviti fyrir Viðvíkur-hrepp 1910-1919.

***110 Elín Eggertsdóttir Briem*** (1856-1937) húsfreyja á Sauðárkróki. Forstöðukona hins skagfirska kvennaskóla á Hjaltastöðum veturinn 1879-1880 og fyrsta forstöðukona hins sameinaða Kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga á Ytri-Ey 1883-1895.

***111 Jón Sigurðsson*** (1854-1920) bóndi Illugastöðum, Fljótum. Hreppsnefndaroddviti Holtshrepps 1904-1913.

***112 Sigríður Jónsdóttir*** (1858-1928) húsfreyja á Reynistað. Kennari við kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga á Ytri-Ey 1883-1887. Hélt námsskeið fyrir stúlkur á heimili sínu 1894-1906. Lærði smjör og ostagerð í Kaupmannahöfn og stóð, ásamt fleirum, fyrir stofnun rjómabús við Staðará.

***113 Arnór Árnason*** (1860-1938) prestur Hvammi, Laxárdal 1907-1935, oddviti 1919-1928, sýslunefndarmaður 1922-1938.

***114 Gísli Sigurðsson*** (1884-1948) bóndi Víði-völlum. Hreppsstjóri Akrahrepps 1929-1948, sýslunefndarmaður 1937-1948.

***115 Þorkell Pálsson*** (1837-1920) bóndi Flatatungu. Hreppsstjóri Akrahrepps 1872-1874, oddviti hreppsnefndar 1878-1881.

***116 Jón Ó. Magnússon*** (1856-1929) prestur Mælifelli 1887-1900, Ríp 1900-1904, sýslunefndarmaður Rípurhrepps 1901-1904.

***117 Jón Guðmundsson*** (1843-1938) bóndi Brennigerði. Sýslunefndarmaður Sauðárhrepps hins forna 1887-1904, hreppsstjóri Sauðárkróks 1907-1920.

***118 Eysteinn Bjarnason*** (1902-1951) verslunarstjóri Sauðárkróki. Oddviti hreppsnefndar, forseti bæjarstjórnar Sauðárkróks 1946-1951.

***119 Magnús Árnason*** (1828-1920) bóndi og smiður Enni, Höfðaströnd. Hann var höfuðsmiður héraðsins á meðan hann bjó í Skagafirði. Smíðaði meðal annars Reynistaðakirkju.

***120 Tómas Björnsson*** (1841-1929) prestur á Barði í Fljótum frá 1877-1902.

***121 Tómas Pálsson*** (1869-1938) bóndi Bústöðum. Oddviti hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps 1920-1938, sýslunefndarmaður 1920-1938.

***122 Magnús Gíslason*** (1866-1951) bóndi á Frostastöðum. Hreppsstjóri Akrahrepps frá 1903-1929.

***123 Stefán Stefánsson*** (1863-1921) skólameistari á Akureyri. Þingmaður Skagfirðinga frá 1900-1908.

***124 Sigurður Pétursson*** (1843-1929) bóndi á Hofsstöðum. Oddviti hreppsnefndar Viðvíkurhrepps 1877-1880.

***125 Pálmi Símonarson*** (1868-1938) bóndi Svaðastöðum. Hreppsnefndaroddviti Fellshrepps 1897-1899.

***126 Einar V. Hermannsson*** (1876-1951) bóndi Molastöðum. Sýslunefndarmaður Holtshrepps 1904-1906.

***127 Sigurður Jónsson*** (1848-1921) bóndi Reynistað. Hreppsnefndaroddviti Staðarhrepps 1899-1901.

**128 Árni Eiríksson** (1857-1929) bóndi á Reykjum í Tungusveit. Hreppsnefndaroddviti Lýtingsstaðahrepps 1884-1887, 1892-1895, 1898-1907. Síðar bankagjaldkeri á Akureyri.

**129 Jón Jónsson** (1850-1931) bóndi Hafsteinsstöðum. Hreppsstjóri Staðarhrepps 1883-1931, sýslunefndarmaður 1886-1927, hreppsnefndaroddviti 1892-1896.

**130 Friðrik Kristjánsson Hansen** (1891-1952) kennari Sauðárkróki. Hreppsnefndaroddviti fyrir Sauðárhrepp 1934-1946.

**131 Þorsteinn Sigurðsson** (1858-1921) smiður Sauðárkróki. Hann var um langt skeið höfuð brúar-, kirkju- og húsasmiður héraðsins. Nam smíðanám í Danmörku. Fluttist til Vesturheims.

**132 Páll V. Bjarnason** (1873-1930) sýslumaður Skagfirðinga 1905-1912.

**133 Sigurður Sigurðsson** (1871-1940) skólastjóri á Bændaskólanum Hólum frá 1902-1919. Stofnandi Ræktunarfélags Norðurlands 1903. Síðar búnaðarmálastjóri.

**134 Björn Símonarson** (1892-1952) kennari Hólum, Hjaltadal frá 1934-1952. Oddviti Viðvíkurhrepps 1931-1932.

**135 Geirfinnur Trausti Friðfinnsson** (1862-1921). Hreppsstjóri Hólahrepps frá 1914-1921 og í sýslunefnd frá 1907-1919.

**136 Einar Jónsson** prestur (1853-1931) Felli frá 1880-1885, Miklabæ frá 1885-1889. Hreppsnefndarmaður og oddviti Fellshrepps 1881-1885. Síðar alþingismaður og prófastur á Hofi í Vopnafirði.

***137 Tryggvi H. Kvaran*** (1892-1940) prestur á Mælifelli 1919-1940, Glaumbæ 1938-1940, en flutti ekki þangað.

***138 Björn Björnsson*** (1873-1952) bóndi Narfastöðum. Oddviti hreppsnefndar Viðvíkurhrepps 1922-1925.

***139 Tobías Magnússon*** (1868-1922) bóndi Geldingaholti. Hreppsstjóri Seyluhrepps 1917-1922.

***140 Árni Björnsson*** (1863-1932) prófastur Sauðárkróki. Prestur Fagraness og Reynistaðarprestakalls 1887-1913, prófastur Skagafjarðar 1908-1913, sýslunefndarmaður Sauðárkróks 1906-1913 og oddviti um hríð.

***141 Einar Jónsson*** (1865-1940) bóndi Brimnesi. Hreppsstjóri Viðvíkurhrepps 1900-1926, í sýslunefnd frá 1904-1926.

***142 Sveinn Stefánsson*** (1895-1953) bóndi Brautarholti, Fljótum. Hreppsnefndaroddviti Haganeshrepps 1925-1928, 1940-1946.

***143 Björn Pétursson*** (1834-1922) bóndi Hofsstöðum. Sýlunefndarmaður í Viðvíkurhreppi 1874-1886, hreppsstjóri 1862-1866, 1869-1872, 1875-1879.

***144 Árni Jónsson*** (1848-1932) bóndi Marbæli, Langholti. Hreppsnefndaroddviti í Seyluhreppi 1888-1892, hreppsstjóri 1892-1917.

***145 Sigurður Jónsson*** (1853-1940) bóndi Brautarholti. Hreppsnefndaroddviti Seyluhrepps 1892-1899, 1901-1910.

***146 Albert Kristjánsson*** (1865-1953) bóndi á Páfastöðum. Oddviti hreppsnefndar Staðarhrepps 1904-1916.

***147 Magnús Jóhannsson*** (1874-1923) læknir í Hofsóslæknishéraði frá 1900-1923.

***148 Stefán Jóhannsson*** (1863-1933) bóndi Mó-skógum. Oddviti hreppsnefndar Haganeshrepps 1913-1916.

***149 Guðmundur A. Guðmundsson*** (1867-1941) Sýslunefndarmaður Fellshrepps 1899-1913, hrepps-nefndaroddviti 1899-1901, 1914-1916.

***150 Stefán Sigurgeirsson*** (1864-1931) bóndi í Hvammi í Hjaltadal. Sýslunefndarmaður Hólahrepps 1919-1931.

***151 Hermann Jónasson*** (1891-1974) bóndi Ystu-Mói. Hreppsstjóri Haganeshrepps 1924-1970, oddviti 1922-1925, 1931-1954. Sýslunefndarmaður Hagneshrepps 1924-1970. Varaþingmaður Skagfirðinga 1946-1956.

***152 Gísli Konráðsson*** (1867-1933) bóndi á Skarðsá. Hreppsnefndaroddviti Staðarhrepps 1901-1904.

***153 Magnús Ásgrímsson*** (1851-1941) bóndi Sleitu-stöðum. Hreppsstjóri Hólahrepps 1895-1914, oddviti 1885-1886.

***154 Steinn Stefánsson*** (1882-1954) bóndi Neðra-Ási. Oddviti hreppsnefndar Hólahrepps 1928-1934.

***155 Björn Jónsson*** (1848-1924) bóndi Veðramóti. Hreppsstjóri Sauðárhrepps hins forna og Skarðshrepps 1892-1924, oddviti 1889-1895, sýslunefndarm. Skarðs-hreppi 1907-1919.

***156 Jóhann Jónsson*** (1886-1933) bóndi í Glæsibæ, Sléttuhlíð. Hreppsnefndaroddviti Fellshrepps 1923-1928.

***157* Þorleifur Rögnvaldsson** (f.1876) bóndi Stóragerði Óslandshlíð. Hreppsnefndaroddviti Hólahrepps frá 1910-1913.

***158* Sveinn Guðmundsson** (1869-1942) prestur Goðdölum. 1899-1904. Prestur á Ríp 1895-1899. Fór frá Goðdölum í Árnes.

***159* Guðmundur Ólafsson** (1863-1954) bóndi í Ási Hegranesi. Sýslunefndarmaður Rípurhrepps 1908-1938, oddviti hreppsnefndar 1908-1936.

***160* Jónas Kristjánsson** (1870-1960) héraðslæknir Sauðárkróki 1911-1938. Landskjörinn þingmaður 1927-1930.

***161* Jónmundur Halldórsson** (1874-1954) presur að Barði í Fljótum 1902-1915, sýslunefndarmaður Haganeshreppi 1907-1915.

***162* Sveinn Jónsson** (1857-1955) bóndi á Hóli í Sæmundarhlíð. Oddviti hreppsnefndar 1916-1919.

***163* Pétur Hannesson** (1893-1960) póst og símamálastjóri Sauðárkróki. Sýslunefndarmaður Sauðárkróki 1934-1947. Forseti bæjarstjórnar 1956-1958, varaþingmaður Skagfirðinga. Póst og símamálastjóri á Sauðárkróki 1948-1958. Gjaldkeri og síðan formaður Sparisjóðs Sauðárkróks 1923-1946.

***164* Páll Árnason** (1879-1965) bóndi og kennari Ártúni við Hofsós. Oddviti hreppsnefndar Hofshrepps 1913-1919, kennari og skólastjóri Barnaskólans á Hofsósi 1910-1935.

***165* Ólafur Sigurðsson** (1885-1961) bóndi og vélfræðingur á Hellulandi. Hreppsstjóri Rípurhrepps frá 1956-1961. Fiskiræktarráðunautur í mörg ár.

***166* Jón Jónsson** (f.1894) bóndi Hofi Höfðaströnd. Oddviti hreppsnefndar Hofshrepps 1934. Sýslunefndarmaður frá 1938.

***167* Þorvaldur Guðmundsson** (1883-1961) bóndi, síðar kennari Sauðárkróki. Sýslunefndarmaður Skarðshrepps 1929, hreppsstjóri Sauðárkróks 1931-1943.

***168* Magnús Gunnarsson** (1887-1955) bóndi Utanverðunesi. Hreppsstjóri Rípurhrepps frá 1942-1955.

***169* Pálmi Þóroddsson** (1862-1955) prestur Hofsósi. Sýslunefndarmaður Hofshrepps 1898-1928, prestur Felli og Hofi frá 1885-1928.

***170* Pálmi Hannesson** (1898-1956) rektor Reykjavík. Þingmaður Skagfirðinga frá 1937-1942.

***171* Hjálmar Þorgilsson** (1871-1962) bóndi Kambi. Oddviti Hofshrepps 1907-1910. Þekktur hagyrðingur og nafnkunnur sigmaður við Drangey.

***172* Jón Konráðsson** (1876-1957) bóndi Bæ, Höfðaströnd. Hreppsstjóri Hofshrepps 1905-1907, 1919-1922. Sýslunefndarmaður 1930-1938. Formaður Búnaðarsambands Skagafjaðrar 1932-1945.

***173* Stefán Vagnsson** (1889-1963) bóndi á Hjaltastöðum, Akrahreppi. Sýslufundaritari frá 1932-1962. Ágætur hagyrðingur.

***174* Steingrímur Steinþórsson** (1893-1966) skólastjóri Búnaðarskólans á Hólum 1928-1935. Alþingismaður Skagfirðinga frá 1931-1933, 1937-1942, 1946-1959.

***175* Steinn L. Sveinsson** (1886-1957) bóndi Hrauni, Skaga. Hreppsstjóri Skefilsstaðahrepps frá 1934-1957

og oddviti hreppsnefndar 1928-1954. Sýslunefndarmaður 1938-1946.

***176 Eiður Sigurjónsson*** bóndi á Skálá í Sléttuhlíð (1893-1964). Oddviti Fellshrepps 1928-1954, sýslunefndarmaður 1925-1942 og 1946-1954. Hreppsstjóri 1928-1954. Brá búi og flutti til Reykjavíkur þar sem hann starfaði sem þingvörður.

***177 Vigfús Helgason*** (1893-1967) búnaðarskólakennari Hólum Hjaltadal frá 1921-1963. Trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands í Skagafirði frá 1923-1940.

***178 Brynleifur Tobíasson*** (1890-1958) frá Geldingaholti, kennari í Gagnfræða og Menntaskólanum á Akureyri. Áfengisvarnarráðunautur frá 1954 til 1958.

***179 Jón Sigurðsson*** (1888-1972) óðalsbóndi og fræðimaður Reynistað. Þingmaður 1919-31, 1933-37 og 1942-59. Í stjórn Stéttasambands bænda frá stofnun 1945 1961, framleiðsluráði landbúnaðarins 1947-1961. Hvatamaður að stofnun Sögufélags, Héraðsskjala og Byggðasafns Skagfirðinga og í stjórnum þeirra frá upphafi til dánardags. Hóf söfnun mannamynda sem hér eru.

***180 Sigurður Á. Björnsson*** (1884-1964) bóndi á Veðramóti. Oddviti hreppsnefndar Skarðshrepps 1922-1931, sýslunefndarmaður 1920-1934, hreppsstjóri Skarðshrepps 1924-1934. Flutti til Reykjavíkur og varð fátækrafulltrúi þar í borg.

***181 Kristján Linnet*** (1881-1958) Sauðárkróki, sýslumaður Skagfirðinga frá 1918-1924.

***182 Jón Þ. Björnsson*** (1882-1964) skólastjóri Sauðárkróki. Kennari Sauðárhreppi 1899-1905, skóla-

stjóri Barnaskóla Sauðárkróks 1908-1946. Hreppsnefndarmaður 1913-1936, oddviti 1913-1934. Í stjórn ýmissa félaga og heiðursfélagi. Forvígismaður í bindindismálum. Heiðursmerki Rauða kross Íslands 1954.

***183*** **Lárus Arnórsson** (1895-1962) prestur á Miklabæ 1919-1962 þjónaði Miklabæjarsókn frá 1919, Silfrastaða og Flugumýrarsókn frá 1921-1962.

***184*** **Frans Jónatansson** (1873-1958) bóndi Skálá og Málmey. Hreppsnefndaroddviti Fellshrepps frá 1916-1919.

***185*** **Kristján Karlsson** (1908-1968) skólastjóri á Hólum 1935-1961, í stjórn Búnaðarsambands Skagafjarðar á sama tíma, formaður frá 1947. Í búnaðarráði 1945-1946. Framleiðsluráðunautur 1947-1951, erindreki Búnaðarsambands Íslands frá 1961.

***186*** **Árni Árnason** (1879-1962) bóndi og bókbindari Kálfsstöðum, Hjaltadal. Oddviti hreppsnefndar Hólahrepps 1916-1922. Kennari við Hólaskóla frá 1901-1902. Flutti til Akureyrar 1923 og rak þar bókbindarafyrirtæki.

***187*** **Jón Björnsson** (1874-1959) bóndi á Bakka í Viðvíkurhreppi. Sýslunefndarmaður Viðvíkurhrepps 1933-1954. Hagur smiður.

***188*** **Hermann Jónasson** (1858-1923) skólastjóri Bændaskólans á Hólum 1888-1896. Sýslunefndarmaður Hólahrepps frá 1889-1896.

***189*** **Páll Zophoníasson** (1886-1964) skólastjóri Bændaskólans á Hólum 1920-1928. Oddviti hreppsnefndar Hólahrepps 1922-1928. Síðar alþingismaður og búnaðarmálastjóri í Reykjavík.

***190 Helgi Konráðsson*** (1902-1959) prestur á Sauðárkróki frá 1934-1959. Prófastur Skagafjarðarprófastsdæmis frá 1952-1959.

***191 Halldór Kolbeins Eyjólfsson*** (1893-1964) Mælifelli, prestur í Mælifells, Reykja og Goðdalasóknum frá 1941-1945.

***192 Sigurður Sigurðsson*** (1887-1963) sýslumaður Skagfirðinga frá 1924-1958, yfirdómslögmaður 1914, bæjarfógeti á Sauðárkróki 1947-1958. Í stjórnum Búnaðarfélags og Sögufélags Skagfirðinga í mörg ár.

***193 Sigurgeir Daníelsson*** (1866-1959) kaupmaður á Sauðárkróki. Hreppsstjóri Sauðárhrepps 1920-1932.

***194 Árni Sveinsson*** (1892-1965) bóndi og hreppsnefndarmaður Kálfsstöðum í Hjaltadal. Aðalforgöngumaður þess að byggðasafn var stofnsett í Skagafirði. Hann átti sæti í stjórn þess frá stofnun til æviloka og vann mikið að söfnun gripa til safnsins.

***195 Stanley Guðmundsson Melax*** (1893-1969) prestur Barði í Fljótum. Prestur til Barðs og Knappsstaðasóknar 1920-1931. Oddviti Haganeshrepps frá 1928-1931.

***196 Sigurjón Jónasson*** (1877-1959) bóndi Hólakoti og Skefilsstöðum. Oddviti Skarðshrepps 1913-1922.

***197 Árni Daníelsson*** (1884-1965) bóndi og kaupmaður á Sjávarborg. Sýslunefndarmaður Skarðshrepps 1919-1920, 1934-1935, 1937-1954, hreppsstjóri 1934-1947 og oddviti 1946-1948.

***198 Arngrímur Sigurðsson*** (1890-1968) bóndi Litlu-Gröf. Oddviti Staðarhrepps 1922-1966. Hann var lengi í stjórn Sjúkrahúss Skagfirðinga.

***199 Einar Jónsson*** (1822-1907) bóndi Sauðá. Hreppsstjóri Sauðárhrepps 1862-1868. Einar hefur oft verið nefndur faðir Sauðárkróks.

***200 Gísli Gottskálksson*** (1900-1960) bóndi, kennari og vegaverksstjóri Sólheimagerði. Sýslunefndarmaður Akrahrepps frá 1948-1960.

***201 Jóhannes Steingrímsson*** (1883-1968) bóndi á Silfrastöðum. Í hreppsnefnd Akrahrepps frá 1915-1922 og 1928-1958. Oddviti frá 1937-1958 og hreppsstjóri frá 1948-1961. Formaður Búnaðarfélags Akrahrepps 1935-1941 og í skattanefnd frá 1942-1960.

***202 Tobías Sigurjónsson*** (1897-1973) bóndi Geldingaholti. Kennari í Seyluhreppi 1915-1916, 1918-1919. Hreppsnefndarmaður frá 1925. Í stjórn ýmissa félaga, formaður stjórnar KS frá 1938. Sáttamaður frá 1936.

***203 Pétur Jónasson*** (1887-1977) frá Syðri-Brekkum. Hreppsstjóri Sauðárhrepps 1943-1947 og sáttamaður. Fulltrúi sauðfjárveikivarna 1936-1965. Annaðist viðgerðir fyrir safnið um árabil og innrömmun mynda.

***204 Haraldur Jónasson*** (1895-1978) bóndi Völlum, Vallhólmi. Hreppsnefndaroddviti í Seyluhreppi frá 1934-1970, hreppsstjóri 1943-1970, sýslunefndarmaður 1936-1970, varaþingmaður Skagfirðinga 1945.

***205 Gísli Magnússon*** (1893-1981) bóndi Eyhildarholti frá 1923-1973. Í hreppsnefnd Rípurhrepps frá 1925-1962, oddviti 1935-1958. Sýslunefndarmaður 1942-1953, í yfirskattanefnd Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróks 1934-1962. Í stjórn KS og prófdómari Hólaskóla í áratugi. Heiðursfélagi í KS frá 1978 og Búnaðarfélagi Skagfirðinga 1980.

***206 Guðbrandur Björnsson*** (1884-1970) prófast-ur Hofsósi, sóknarprestur í Viðvíkurprestakalli 1908-1934, Fellsprestakalli 1934-1952. Prófastur Skagafjarðarprófastsdæmi 1934-1952.

***207 Jóhannes Björnsson*** (1887-1967) bóndi Hofsstöðum. Hreppsstjóri Viðvíkurhrepps 1926-1934, oddviti 1919-1922. Sýslunefndarmaður Viðvíkurhrepps 1926-1933

***208 Páll Dýrmundur Þorgrímsson*** (1895-1969) bóndi Hvammi, Hjaltadal. Sýslunefndarmaður Hólahreppi 1958-1969. Í hreppsnefnd Hólahrepps. Deildarstjóri Hóladeildar KS.

***209 Hermann Jónasson*** (1896-1976) frá Syðri-Brekkum, Blönduhlíð. Forsætisráðherra 1934-1942, 1956-1958.

***210 Sigurjón Helgason*** (1895-1974) bóndi Nauta-búi. Sýslunefndarmaður Lýtingsstaðahrepps 1950-1970.

***211 Þorsteinn Hjálmarsson*** (1913-1981) stöðvarstjóri, Hofsósi. Hreppsnefndaroddviti 1955-1978, sýslunefndarmaður 1955-1958, 1966-1974.

***212 Björn Björnsson*** (1912-1981) prófastur Hól-um. Sóknarprestur Viðvíkurprestakalls, síðar prestur á Hólum 1940-1976. Prófastur Skagafjarðarprófastsdæmis 1959-1976.

***213 Jón Björnsson*** (1891-1983) frá Heiði. Bóndi á Sjávarborg 1921-1926, Heiði 1926-1936. Sýslunefndarmaður fyrir Skarðshrepp frá 1935-1937.

***214 Rannveig H. Líndal*** (1883-1955) fyrsti formaður Sambands Skagfirskra kvenna 1943-1954.

**215 Haraldur Björnsson** (1891-1967) frá Veðramóti, Gönguskörðum. Haraldur var fyrsti íslenski lærði leikarinn.

**216 Bessi Gíslason** (1894-1978) bóndi Kýrholti. Hreppsstjóri Viðvíkurhrepps 1934-1961, oddviti 1925-1931. Sýslunefndarmaður 1954-1970. Í stjórn KS, 1947-1968.

# Nöfn í stafrófsröð

**Albert Kristjánsson** (1865-1953) bóndi á Páfastöðum. Oddviti hreppsnefndar Staðarhrepps 1904-1916.

***146***

**Ari Arason** (1813-1881) stúdent og bóndi á Flugumýri. Hann sat í kjörstjórn Skagafjarðarsýslu og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir héraðið. Í Kansellíráði 1878. ***35***

**Arngrímur Sigurðsson** (1890-1968) bóndi Litlu-Gröf. Oddviti Staðarhrepps 1922-1966. Hann var lengi í stjórn Sjúkrahúss Skagfirðinga. ***198***

**Árni Árnason** (1879-1962) bóndi og bókbindari Kálfsstöðum, Hjaltadal. Oddviti hreppsnefndar Hólahrepps 1916-1922. Kennari við Hólaskóla frá 1901-1902. Flutti til Akureyrar 1923 og rak þar bókbindarafyrirtæki. ***186***

**Árni Ásgrímsson** (1838-1919) bóndi Kálfsstöðum, hreppsstjóri Hólahrepps 1874-1895 sýslunefndarmaður 1877-1895. ***103***

**Árni Björnsson** (1863-1932) prófastur Sauðárkróki. Prestur Fagraness- og Reynistaðarprestakalls 1887-1913, prófastur 1908-1913, sýslunefndarmaður Sauðárkróks 1906-1913 og oddviti um hríð. ***140***

**Árni Daníelsson** (1884-1965) bóndi og kaupmaður á Sjávarborg. Sýslunefndarmaður Skarðshrepps 1919-

1920, 1934-1935, 1937-1954, hreppsstjóri 1934-1947 og oddviti 1946-1948. ***197***

**Árni Eiríksson** (1857-1929) bóndi á Reykjum í Tungusveit. Hreppsnefndaroddviti Lýtingsstaðahrepps 1884-1887, 1892-1895, 1898-1907. Síðar bankagjaldkeri á Akureyri. ***128***

**Árni Jónsson** (1848-1932) bóndi Marbæli, Langholti. Hreppsnefndaroddviti í Seyluhreppi 1888-1892, hreppsstjóri 1892-1917. ***144***

**Árni Jónsson** (1851-1897) læknir í Glæsibæ. Héraðslæknir Skagfirðinga frá 1879-1892, oddviti Staðarhrepps 1887-1892. ***37***

**Árni Sveinsson** (1892-1965) bóndi og hreppsnefndarmaður Kálfsstöðum í Hjaltadal. Aðalforgöngumaður þess að byggðasafn var stofnsett í Skagafirði. Hann átti sæti í stjórn þess frá stofnun til æviloka og vann mikið að söfnun gripa til safnsins. ***194***

